



Tillaga til ályktunar

– Hlutgengi leikmanna í yngri flokkum (2., 3. og 4. aldursflokkur) –

Tillaga að breytingu á grein 25.1.5., 26.1.7., 27.1.5., 33.1.4., 34.1.5. og 35.1.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2019 samþykki breytingar á greinum 25.1.5., 26.1.7., 27.1.5., 33.1.4., 34.1.5. og 35.1.3. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót með eftirfarandi hætti:

Núgildandi ákvæði 25.1.5., 26.1.7., 27.1.5., 33.1.4., 34.1.5. og 35.1.3., sem eru svohljóðandi:

Þegar félag er með tvö A lið í móti gildir: Leikmaður sem leikið hefur með liði 1 er ekki heimilt að leika með liði 2 fyrr en eftir næsta leik hjá liði 1 og 2 þar á eftir.

Verði svohljóðandi, breytingar feitletraðar:

*Þegar félag eru með fleiri en eitt lið í aldursflokkum hafa allir leikmenn félags hlutgengi nema 11 leikjahæstu leikmenn liða sem eru ofar í keppnisröð og leikmenn sem voru í byrjunarliði í síðasta leik hjá liði sem er ofar í keppnisröð í sama aldursflokkum.
Í dæmaskyni: A lið eru ofar í keppnisröð en B lið, A1 er ofar en A2 o.s.frv.*

Greinargerð

Með auknum áhuga á knattspyrnu og fleiri iðkendum hefur liðum sem félög sendu til keppni í yngri flokkum fjölgað. Fjölmennari félög hafa fengið leyfi til að senda fleiri lið til keppni í hverjum styrkleikaflokkum og hafa þannig haft til dæmis tvö eða fleiri A lið, tvö eða fleiri B lið og svo framvegis meðan fámennari félög geta verið að tefla fram einu A liði eða einu A liði og einu B liði.

Þetta fyrirkomulag er nauðsynlegt svo ekki verði of mikill styrkleikamunur milli liða í neðri styrkleikaflokkum og að iðkendur fá verkefni við hæfi.

Á undanförunum árum hefur komið fram vilji hjá fjölmennari og fámennari félögum til að endurskoða hlutgengisreglur og á ársþingi KSÍ 2016 voru samþykktar nýjar reglur í þessa veru. Þær takmarka hins vegar til muna möguleika efnilegra leikmanna til verkefna við hæfi með því að leikmenn sem eru varamenn í A1 liði þurfa að spila með B1 liðum frekar en A2 liðum. Tillagan miðast því við að leikmenn færast frekar niður eftir styrkleikaröð liða félagsins í mótum sama hvort um ræðir færslu úr A1 í A2 eða úr A liði í B lið.

Margir efnilegir leikmenn lenda í því að fá takmörkuð tækifæri úr liði 2 í lið 1 vegna þessa að þeir verða ólöglegir í næstu leikjum á eftir. Að sama skapi þá eiga varamenn í liði 1 ekki kost á því að fá spiltíma í næsta liði á eftir því annars eru þeir ólöglegir síðar. Í yngri flokkum þarf að gæta jafnræðis og þessum leikmönnum þarf að tryggja verkefni við hæfi þar sem lítið land á borð við Ísland verður að hlúa vel að öllu hæfileikafólki.

Breiðablik